

Jafnréttisáætlun Tröllaborga 2025 - 2027

Jafnréttisáætlun leikskólans Tröllaborga er gerð í samræmi við Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2008 og tekur einnig mið af [mannréttindastefnu Akureyrarbæjar](#).

Íslensk jafnréttislöggjöf takmarkast við jafnrétti kynjanna. Í mannréttindastefnu Akureyrarbæjar kemur meðal annars fram að unnið skuli að því að störf flokkist ekki í sérstök karla- og kvennastörf og að öll kyn skuli hafa sömu möguleika til endurmenntunar og að jafnlaunavottun skuli normið. Jafnréttisáætluninni er ætlað að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum allra kynja hvort sem um fullorðna eða börn er að ræða.

Jafnréttisáætlun Tröllaborga snýr að starfsmönnum, börnum og foreldrum. Í mannréttindastefnu Akureyrarbæjar er að finna ákveðin leiðarljós sem höfð eru til hliðsjónar við gerð jafnréttisáætlunar Tröllaborga.

Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans og er kynnt starfsmönnum og foreldrum.

Starfsmenn skulu vera vel meðvitaðir um hver jafnréttisáætlun leikskólans er og bera stjórnendur ábyrgð á að svo sé. Starfsmönnum ber einnig að þekkja jafnréttislögin og mannréttindastefnu Akureyrarbæjar.

Stjórnendur skulu leitast við að fá utanaðkomandi fræðslu um jafnréttismál á starfsmannafundi/skipulagsdögum.

Starfsmenn

Launajafnrétti:

Öll kyn skulu njóta jafnræðis í kjörum og réttindum. Greiða skal kynjunum jöfn laun fyrir jafngild störf. Við ráðningu launasetur starfsmannþjónusta Akureyrarbæjar starfsmann.

Markmið: Vinna að jöfnum rétti kynjanna varðandi launakjör og að ekki sé um óútskýrðan launamun að ræða milli kynjanna í leikskólanum.

Framkvæmd: Gerð verði úttekt þar sem grunnlaun, yfirvinnugreiðslur og önnur hlunnindi, verða skoðuð eftir kyni og starfsheiti. Komi í ljós óútskýrður launamunur verður leitað leiða til að leiðrétta hann. Úttekt fer fram samhliða skýrslu til Hagstofu í árslok hvert ár.

Ábyrgð: Skólastjórnendur í samvinnu við starfsmenn, trúnaðarmenn starfsmanna og fulltrúa starfsmannþjónustu.

Mat/Endurskoðun: Við ráðningu skal tryggja að starfsmaður sé ráðinn samkvæmt kjarasamningi þess stéttarfélags sem hann tilheyrir.

Atvinna – fjölskyldulíf:

Í leikskólanum eru litlir möguleikar á sveigjanlegum vinnutíma. Þó skal hugað að lækkuðu starfshlutfalli eða annarri hagræðingu ef kostur er og skal jafnræðis kynja gætt.

Markmið: Skólastjórnendur leggja sig fram við að koma til móts við þarfir starfsmanna sinna og taka tillit til aðstæðna þeirra, óháð kyni. Athuga skal að starfsmenn eru skuldbundnir vinnustaðnum og nauðsynlegt að samráð starfsmanns og yfirmanns sé sem best ef til þessa kemur.

Framkvæmd: Skólastjórnendur gera ráðstafanir í samráði við starfsmann vegna breytts vinnutíma eða stöðuhlutfalls.

Ábyrgð: Skólastjórnendur.

Mat/Endurskoðun: Er í sífelldu í skoðun, skoðast í hverju einstöku tilfalli og í samtölum við viðkomandi starfsmann, hver er upplifun hans af því hvernig leyst hefur verið úr málum.

Starfsmenn

Störf og símenntun:

Ávallt skal gæta jafnræðis kynjanna í starfsglýsingum leikskólans. Þegar störf eru auglýst skal gæta hlutleysis um kyn. Sé um að ræða starf á starfsvettvangi þar sem hallar á annað kynið skal vakin sérstök athygli á því markmiði 18. gr. jafnréttislaga að jafna kynjaskiptingu innan viðkomandi starfsgreinar.

Markmið: Í starfsglýsingum skal gæta jafnræðis hópa og jafnrar virðingar kynjanna. Bæði kyn skulu hvött til að sækja um laus störf. Komi tveir jafnhæfir umsækjendur til greina skal stefnt að því að ráða einstakling af því kyni sem hallar á innan leikskólans. Öllum starfsmönnum skólans skal standa til boða að sækja sér endurmenntun og bæði kyn skulu hafa jafnan aðgang að fjölbreyttri endurmenntun.

Framkvæmd: Skólastjórnendur sameinist um að gæta fyllsta jafnréttis við ráðningu innan skólans í laus störf, með vísan til þeirra skilgreininga sem fram koma í markmiðum. Horft verði til þess að uppfylla markmið stjórnslulaga m.t.t. rökstuðnings vegna ráðninga. Við gerð símenntunaráætlunar skuli stjórnendur gæta þess að kynjum sé ekki mismunað og hafa samráð við starfsmenn um innihald símenntunaráætlunar.

Ábyrgð: Skólastjórnendur

Mat/Endurskoðun: Við innra mat skal hugað að því hvort jafnréttis hafi verið gætt við ráðningar. Við endurmat á símenntunaráætlun að vori ár hvert.

Nemendur

Jafnréttis kynjanna skal gætt við val á námsgögnum, námskráðgerð og stefnumótun skólans.

Nemendur skulu hljóta fræðslu um jafnréttismál og búa skal þá sem best undir þátttöku í lýðræðissamfélagi þar sem öll kyn eiga jafna möguleika. Unnið er í anda [barnasáttmála UNICEF](#) um réttindi allra barna.

Markmið: Að öll kyn eigi sömu möguleika og njóti sömu tækifæra bæði í skólastarfinu og í samfélagi því sem býður þeirra.

Framkvæmd: Skólanámskrá og öll áætlanagerð skal taka mið af aðalnámskrá leikskóla og markmiðum og leiðarljósum um kynjasambættingu. Öll kyn skulu njóta sömu möguleika og hvatningar til að takast á við hin ýmsu verkefni. Kennslugögn og allur efniviður skal vera öllum kynjum jafn aðgengilegur. Hvetja skal nemendur til umræðu og ígrundunar þegar upp koma hinar ýmsu staðalímyndir kynjanna.

Ábyrgð: Skólastjórnendur

Mat/Endurskoðun: Er hluti af almennu mati sem unnið er að vori, í lok skólaárs.

Foreldrar

Allir foreldrar eru hvattir til þátttöku í samstarfi heimilis og skóla. Feður og mæður veга jafn þungt í því samstarfi.

Markmið: Að foreldrar finni að þeir séu jafn virkir burtséð frá kyni og finnist sjálfsagt að til þeirra sé leitað.

Framkvæmd: Bæði feður og mæður skulu ávallt finna sig jafn velkomin í leikskólann, t.d. í aðlögun.

Símanúmer og netföng beggja foreldra skulu vera aðgengileg. Kennarar skulu ávallt íhuga í hvort foreldrið þeir hringja þegar þess þarf. Báðir foreldrar eru hvattir til að mæta í foreldrasamtöl, heimsóknir í skólann og foreldrafundi. Senda skal allan póst, t.d. Mánaðar námskrár, á báða foreldra. Þetta á jafnt við burtséð frá hjúskaparstöðu foreldra.

Ábyrgð: Skólastjórnendur og kennarar.

Mat/endurskoðun: Er hluti af almennu mati sem unnið er að vori, í lok skólaárs. Samskiptin skulu skoðuð og metin og ábendingar foreldra ígrundaðar.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Kynferðisleg áreitni er skilgreind sem kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn, móðgandi og í óþökk þess sem fyrir verður, hefur áhrif á sjálfsmynd viðkomandi og er viðhaldið þrátt fyrir að gefið sér skýrt til kynna að hegðunin sé ekki ásættanleg. Kynferðisleg áreitni getur verið í orðum, líkamleg og/eða táknræn. Sömu viðmið gilda einnig um kynbundið ofbeldi og kynbundna áreitni.

Markmið: Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni líðst ekki í leikskólanum og á það við um alla, jafnt börn sem fullorðna.

Framkvæmd: Samkvæmt 22. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2008 skulu yfirmenn gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir (forvarnir) kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni. Fræðsla um skilgreiningar á þessum hugtökum skal vera hluti af almennri fræðslu til starfsmanna á starfsmannafundum og opin umræða um málefnið. Umræðan skal vera með þeim hætti að öllum finnst sér skylt að bregðast við og að allir starfsmenn þekki einkennin. Tilkynna skal tafarlaust til skólastjóra, viðkomandi deildarstjóra eða öryggistrúnaðarmanns ef starfsmaður verður var við eða verður fyrir kynferðislegri áreitni. Oft er nauðsynlegt að leita utanaðkomandi aðstoðar við úrvinnslu þessara mála.

Ábyrgð: Skólastjórnendur.

Mat/Endurskoðun: Metið í hverju tilfalli fyrir sig.

Einelti

Einelti er framferði sem ekki líðst í leikskólanum. Einelti er síendurtekið andlegt eða líkamlegt ofbeldi og beinist að ákveðnum einstaklingi. Ýmist er um að ræða að einstaklingur verður fyrir einelti frá einum eða fleiri starfsmönnum. Einelti getur verið bæði af ásettu ráði en einnig getur verið um að ræða atferli sem sá sem eineltinu beitir áttar sig ekki á framferði sínu og alvarleika þess. Einelti líðst ekki í leikskólanum. Einelti getur beinst bæði að barni og fullorðnum.

Sjá eineltisætlun Tröllaborga.

Ábyrgð: Allir starfsmenn.

Mat/Endurskoðun: Metið í hverju tilfelli fyrir sig.